



Borgarstjórn Reykjavíkur
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. september 2025

Varðar: Brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Ný brunavarnaáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið var samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun þann 16. september sl. og af stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrir í dag. Stefnt er að formlegri undirritun áætlunarinnar í október en gildistími hennar er ráðgerður frá nóvember 2025 til október 2030.

Brunavarnaáætlun er stefnumótun fyrir SHS til fimm ára í senn. Skv. 13. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 skal liggja fyrir brunavarnaáætlun á hverju starfssvæði slökkviliðs til þess að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum um brunavarnir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Brunavarnaáætlunin skal samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og viðkomandi sveitarstjórn. Áætlunin verður undirrituð þegar samþykki allra viðkomandi sveitarstjórna liggur fyrir.

Undirritaður óskar hér með eftir því að borgarstjórn taki brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins til afgreiðslu og er ljúft og skylt að koma til fundar til þess að kynna hana svo bæjarfulltrúar verði upplýstir um það hvernig staðið er að því að uppfylla skyldur sveitarfélagsins skv. lögum og reglugerðum varðandi brunavarnir.

Virðingarfyllt,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins
(*rafræn undirritun á næstu síðu*)

Meðfylgjandi: Brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins nóvember 2025 – október 2030.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000

www.shs.is – shs@shs.is

Undirritunarsíða

f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
Jón Viðar Matthíasson



BRUNAVARNAÁÆTLUN

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

nóvember 2025 – október 2030



Aðalstöð

Skógarhlíð

Aðrar stöðvar

Tunguháls

Skútahraun

Skarhólabraut

Kjalarnes

Kjósarhreppur

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	4
2. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	5
3. STARFSSVÆÐI	6
3.1 Núverandi staða á viðbragðstíma, útkallssvæði	7
3.2 Framtíðaráform til að bæta viðbragðstíma	8
3.3 Vatnsöflun á starfssvæðinu	10
4. SKIPULAG OG STARFSEMI	11
4.1 Skipulag og skipurit	11
4.2 Starfsemi	13
4.3 Menntun og þjálfun	14
4.4 Verkefni og samstarf	16
4.5 Eldvarnareftirlit	18
4.6 Útköll og greining	19
5. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR	20
6. ÁHÆTTUMAT OG MÓTVÆGI	23
6.1 Áhættumat og áhættustig	23
6.2 Mótvægi stöðvar	25
6.3 Niðurstöður	26
7. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	27
7.1 Endurnýjun og aðrar fjárfestingar	27
7.2 Menntunaráætlun	28
7.3 Samantekt og rökstuðningur framkvæmdaáætlunar	28
8. VIÐAUKAR OG FYLGISKJÖL	29
8.1 Viðauki I – Yfirlit yfir sérstakar bruna- eða mengunarhættur	29
8.2 Fylgiskjöl – Samningsbundið samstarf	31
8.3 Fylgiskjöl – Önnur skjöl	32

Samþykkt brunavarnaáætlunar og undirritun

Brunavarnaáætlun þessi gildir fyrir starfssvæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) samkvæmt ákvæðum í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 frá 1. janúar 2001. Í 13. grein þeirra segir:

Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Starfssvæði SHS nær til eftirfarandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu:

- Reykjavíkur
- Kópavogs
- Hafnarfjarðar
- Garðabæjar
- Mosfellsbæjar
- Seltjarnarness
- Kjósarhrepps

Brunavarnaáætlun þessi er unnin af slökkviliðsstjóra og hefur verið samþykkt af öllum sveitarstjórnnum sem eru á starfssvæði SHS, sem og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Brunavarnaáætlunin hefur einnig verið staðfest af stjórn SHS. Undirritaðir staðfesta það með rafrænni undirritun sinni sem er að finna á öftustu síðu.

xx. október 2025

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogs

f.h. Hafnarfjarðar

f.h. Garðabæjar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Seltjarnarness

f.h. Kjósarhrepps

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

1. INNGANGUR

SHS var stofnað 1. júní 2000 þegar sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes, nýttu sér heimild samkvæmt 14. grein laga um brunavarnir nr. 75/2000 um samstarf sveitarfélaga en þar segir að tvö sveitarfélög eða fleiri geti samið um sameiginlegt slökkvilið. Bessastaðahreppur (Álftanes) sameinaðist Garðabæ árið 2013 og síðan hafa aðildarsveitarfélög SHS verið sex.

Í stofnsamningi SHS kemur fram að tilgangur SHS sé að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir og sinna öðrum lögbundnum verkefnum sem því hafa verið falin eða leiðir af lögum að liðinu beri að sinna.

Kjósarhreppur hefur frá stofnun SHS gert þjónustusamning við liðið um forvarnir og fyrstu viðbrögð við eldsvoða og fellur sveitarfélagið því undir starfssvæði SHS ásamt aðildarsveitarfélögunum. Stjórn SHS getur falið liðinu önnur verkefni sem varða velferð íbúa aðildarsveitarfélaganna, enda falli þau að tilgangi samlagsins og séu ekki falin öðrum til úrlausnar með lögum.

Þessi brunavarnaáætlun leysir af hólmi brunavarnaáætlun sem tók gildi 4. maí 2018 en gildistími hennar var framlengdur til október 2025.

2. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR

SHS starfar samkvæmt lögum nr. 75/2000 um brunavarnir. Markmið laganna er að vernda líf og heilsu fólks, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnaeftirlit, forvarnir og viðbúnað vegna eldsvoða og mengunaróhappa á landi.

Lögbundin verkefni

SHS sinnir lögbundnum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við 3. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða. Verkefnin eru vatnsöflun, slökkvistarf og reykköfun, viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, björgun á fastklemmdu fólki, eldvarnaeftirlit og forvarnir.

Önnur verkefni

SHS sinnir einnig öðrum verkefnum, þótt þau séu ekki skilgreind sem lagaleg hlutverk slökkviliðs, falla vel að tilgangi þess samkvæmt lögum og stofnsamningi byggðasamlagsins. Stærsta verkefnið af þessum toga eru sjúkraflutningar. Önnur verkefni mega ekki draga úr getu liðsins til þess að sinna lögbundnum verkefnum sínum, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða og er því álagi vegna annarra verka mætt með viðbótarmönnun og forgangsroðun verkefna.

Stærð og skipulag

Stærð og mönnun SHS byggist á fjölda útkalla, álagi og áhættu á starfssvæðinu. Fjórar slökkvistöðvar eru mannaðar allan sólarhringinn og tvær ómannaðar. Mönnun og búnaður SHS eru miðuð við að bregðast við áhættum svæðisins í samræmi við áhættumat sem liggur að baki brunavarnaáætlun.

Samrekstur og samlegð

Rekstur SHS byggir á samrekstri slökkviliðs og sjúkraflutninga, sem hefur reynst rekstrarlega hagkvæmur. Samlegðaráhrifin birtast einkum í auknum sveigjanleika og styrk í mannfrekum útköllum. Flestir starfsmenn á vöktum (varðlið) sinna bæði slökkvistörfum og sjúkraflutningum.

Áskoranir og framtíðarþróun

SHS stendur frammi fyrir sífellt meiri áskorunum vegna fjölgunar íbúa, aukins byggingarmagns og stækkunar atvinnusvæða. Þessi þróun hefur leitt til tíðari útkalla, aukins álags á gatnakerfið og lengri aksturstíma.

Starfshópur SHS og fulltrúar aðildarsveitarfélaga fóru sameiginlega yfir húsnæðismál SHS og lögðu fram tillögur um fjölgun og staðsetningu stöðva. Tillögurnar voru samþykktar af stjórn SHS og sveitarfélögunum og marka mikilvægt framfaraskref fyrir næstu ár og áratugi.

Áform um byggingu tveggja nýrra stöðva eru þegar komin á dagskrá, en þær verða við Tónahvarf í Kópavogi og á Völlumum í Hafnarfirði.

Í lengri framtíð er gert ráð fyrir flutningi stöðvar frá Tunguhálsi að Sundabraut og stöðvar frá Skógarhlíð að BSÍ-reit í Reykjavík.

Höfuðstöðvar og skrifstofur SHS verða fluttar að fyrirhugaðri stöð við Sundabraut. Gert er ráð fyrir að stöðin við Tónahvarf verði reist innan gildistíma núverandi brunavarnaáætlunar.

Framkvæmdaáætlun

Á gildistíma þessarar áætlunar er stefnt að því að fjölga slökkvistöðvum um eina, við Tónahvarf. Þetta kallar á fjölgun starfsfólks til að manna stöðina, ásamt stækkun bílaflota og annars búnaðar.

3. STARFSSVÆÐI

Þessi kafli lýsir starfssvæði slökkviliðsins og hvaða sveitarfélög það þjónustar, skilgreiningu á útkallssvæðum ásamt upplýsingum um vatnsöflun vegna slökkvistarfs.

Höfuðborgarsvæðið nær yfir sjö sveitarfélög: Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnes og Kjósarhrepp. Höfuðborgarsvæðið er stærsta þéttbýlissvæði Íslands og nær yfir rúmlega 1.000 ferkílómetra landsvæði með um 250.000 íbúum, eða um 65–70% af íbúum landsins (Hagstofa Íslands 1. janúar 2025). Svæðið er með fjölbreytilegri byggð, frá þéttu borgarumhverfi til dreifðari úthverfa og náttúrusvæða.

Þar sem þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu er samfelld, er samvinna sveitarfélaganna mikil og þau hafa með sér samstarf um ýmsa þjónustu, s.s. rekstur slökkviliðs. Starfssvæði SHS nær því yfir allt landsvæði sveitarfélaganna sjö á höfuðborgarsvæðinu, eins og sést á mynd 1.



Mynd 1.

Á höfuðborgarsvæðinu eru reknar sex stöðvar, fjórar eru mannaðar allan sólarhringinn en hinar eru ómannaðar. Í Grundarhverfi á Kjalarnesi er hlutastarfandi eining en í Káraneskoti í Kjósarhreppi er einungis geymdur búnaður, þar er starfandi hjálparlið. Staðsetning og fjöldi slökkvistöðva tekur mið af því að viðbragðstími sé innan viðmiða á öllu starfssvæðinu og er því stöðvum valinn staður miðað við aðgengi að stofnbrautum og öðrum skipulagslegum þáttum sem hafa áhrif á viðbragðið, en ekki með tilliti til einstakra sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að fjölga slökkvistöðvum um tvær á komandi árum, þar af verður ein í Tónahvarfi í Kópavogi.

Bæjarfélag	Íbúafjöldi	Stærð svæðis (km ²)	Íbúar/km ²	Slökkvistöð, heimilisfang
Reykjavíkurborg	138.772	244	569	Skógarhlíð 14, Tunguháls 13, Grundarhverfi
Kópavogsbær	40.040	110	364	
Hafnarfjarðarbær	31.525	174	181	Skútahraun 6
Garðabær	20.116	46	437	
Mosfellsbær	13.715	186	74	Skarhólabraut 1
Seltjarnarnesbær	4.585	2	2.293	
Kjósarhreppur	301	284	1	Káraneskot í Kjósarhreppi
	249.054	1.046	238	

Hagstofa Íslands 1. janúar 2025

Tafla 1.

Útkallssvæði

Starfssvæði SHS skiptist í fjögur útkallssvæði eftir viðbragðstíma samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða, nánari skýringu á þeim má sjá í töflu 2.

Svæði*	Auðkennandi litur	Skilgreining á viðbragðstíma
Útkallssvæði 1	Grænn	Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 10 mín. frá útkalli.
Útkallssvæði 2	Appelsínugulur	Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín. frá útkalli.
Útkallssvæði 3	Rauður	Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss, er komin á vettvang og vinna hafin innan 20 mín. frá útkalli.
Útkallssvæði 4	Blár	Svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín. frá útkalli.

*Samanber 16. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða

Tafla 2.

3.1 Núverandi staða á viðbragðstíma, útkallssvæði

Á mynd 2 eru útkallssvæðin sýnd í auðkennandi lit. Á útkallssvæði 4 dekkist blái liturinn fyrir hverjar viðbættar 15 mínútur viðbragðstíma. Ekki er reiknað með viðbragði frá stöðvunum í Grundarhverfi á Kjalarnesi né Káraneskoti í Kjósarhreppi þar sem þær eru ómannaðar og því ekki tryggt að þær hafi afgerandi áhrif á viðbragðstíma SHS. Viðbragð er í flestum tilvikum komið fyrr á vettvang frá mönnum stöðvunum en þeim ómönnum, þó nær séu.

Á mynd 2 sést skipting starfssvæðis SHS í útkallssvæði skv. fyrrgreindum viðmiðum reglugerðar. Kortið tekur mið af aksturstíma, sem er meginuppistaðan í viðbragðstímanum. SHS skiptir viðbragðstíma sínum í þrjá þætti í takt við reglugerðina; tíma frá boðum til slökkviliðs þar til bifreið fer af stöð, aksturstíma og virkjunartíma á vettvangi. Gert er ráð fyrir að tími frá boðun þar til slökkvibifreið fer af stað sé 90 sekúndur og virkjunartími á staðnum um 60 sekúndur, þ.e. samtals 2,5 mínútur. Sem dæmi þýðir það að eftir er 7,5 mínútna aksturstími fyrir útkallssvæði 1 og er gengið út frá þeirri skilgreiningu á kortinu. Markmið er að allt þéttbýli á þjónustusvæðinu flokkist sem útkallssvæði 1, þ.e. með viðbragðstíma innan 10 mínútna frá útkalli í a.m.k. 90% tilvika.


Virkjunartími slökkviliðs á stöð

Neyðarlínan (NL) boðar SHS gegnum hraðlínutengingu á allar starfsstöðvar SHS. Hljóðmerki kemur upp í hátalarakerfi og neyðarvörður getur kallað upplýsingar upp í kallkerfi stöðvanna. Hægt er að kalla á eina stöð í einu eða allar í einu.

Við skilgreinum hér virkjunartíma á stöð sem tímann frá því NL boðar SHS og þar til lagt er af stað á vettvang. Þar sem sólarhringsvaktir eru á fjórum slökkvistöðvum SHS er virkjunartími í flestum tilvikum undir 90 sekúndum (1,5 mínúta). Undantekning er þó slökkvistöðin á Kjalarnesi, en þar er ekki sólarhringsvakt og því er virkjunartími lengri þar.

Virkjunartími slökkviliðs á vettvangi

Gert er ráð fyrir að virkjunartími eftir að komið er á vettvang sé innan við 60 sekúndur. Það fer þó eftir aðstæðum og því hvaða aðgerðir þurfa að fara í gang. Sé um lífbjörgun að ræða þá gengur hún fyrir, en stundum getur þurft að gera ráðstafanir til að tryggja vettvang áður en vinna hefst á vettvangi.



Mynd 2.

3.2 Framtíðaráform til að bæta viðbragðstíma


Eins og fram hefur komið hafa aðildarsveitarfélög SHS samþykkt tillögur starfshóps um húsnaðismál slökkviliðsins um fjölgun og staðsetningu stöðva á þjónustusvæðinu, m.a. til þess að bæta viðbragðstíma.

Á næstu 10 árum mun sólarhringsmönnuðum slökkvistöðvum á þjónustusvæði SHS fjölga úr fjórum í sex. Tvær nýjar stöðvar verða byggðar, þ.e.a.s. við Tónahvarf í Kópavogi (5) og á Völlumum í Hafnarfirði (6), sjá mynd 3.

Stöðin við Skógarhlíð verður flutt á BSÍ reitinn (1) og stöðin á Tunguhálsi verður flutt þangað sem Sæbraut mun tengjast við Sundabraut (2).


Fyrirhugað er að 1. áfanga, sem er ný slökkvistöð við Tónahvarf, verði náð árið 2029 til 2030. Gert er ráð fyrir að áföngum tvö og þrjú verði lokið innan tíu ára eða um 2035.

Á mynd 3 má sjá áætlaðar staðsetningar slökkvistöðvanna m.t.t. áætlaðs leiðakerfis Borgarlínunnar. Gert er ráð fyrir að Borgarlínan verði með forgangsreinum í sérrými sem slökkvi- og sjúkrabifreiðar geti notað í forgangsakstri og auki líkur á styttri viðbragðstíma. Samráð er við Betri samgöngur um hönnun fyrstu áfanga Borgarlínunnar m.t.t. forgangsaksturs. Reynolds SHS af notkun sérrýmis Strætó á Miklubraut er góð.



Mynd 3.

Í greinargerð starfshópsins frá nóvember 2023 er birt áætlun (mynd 4) um þróun þjónustustigs SHS við hvern áfanga sem tillögurnar fela í sér. Þar sést að þegar áætlaðri fjölgun og breytingu á staðsetningum stöðva er lokið, öllum þremur áföngunum, er gert ráð fyrir því að hlutfall íbúa á útkallssvæði 1, þ.e. þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf hafi hafið vinnu á vettvangi innan 10 mínútna frá útkalli, hafi aukist úr 42 í 61%. Viðbragðstímarnir sem liggja að baki þessari spá byggja á fjölda og staðsetningu stöðva við hvern áfanga.



Mynd 4.

3.3 Vatnsöflun á starfssvæðinu

Tryggt aðgengi að slökkvivatni og öflugt vatnsveitukerfi eru meðal grunnþátta árangursríks slökkvistarfs. Þetta á bæði við í þéttbýli og dreifbýli, þar sem aðstæður geta verið ófyrirsjáanlegar og aðgengi torvelt.

Vatnsveitur sveitarfélaga bera ábyrgð á búnaði sem tryggir aðgengi að vatni, svo sem brunahönum. Virkt samstarf vatnsveitna og slökkviliðs er nauðsynlegt til að bregðast hratt og örugglega við eldsvoðum og lágmarka tjón.

Lagarammi og skyldur vatnsveitna (sveitarfélaga)

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 75/2000 skulu sveitarfélög tryggja nægilegt vatn og þrýsting til slökkvistarfa, sem og sérstakan búnað þar sem krafist er, s.s. úðakerfa í stærri byggingum. Í reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 kveður nánar á um þessar skyldur og gildir einnig að hluta samkvæmt lögum um vatnsveitur nr. 32/2004. Í 24. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga segir að vatnsveita skuli tryggja nægt vatn og þrýsting fyrir slökkvistarf og búnað, ef því verður við komið. Ef dreifiðar anna ekki kröfum, má krefjast miðlunargeymis eða sambærilegs búnaðar. Réttur til tengingar við vatnsveitu felur ekki í sér tryggingu fyrir þrýstingi.

Þrýstingur og tækniforsendur

Meðalþrýstingur í dreifikerfum er 2–8 bar eftir hæð og svæði, en algengastur er hann 4–6 bar. Afköst ráðast af stærð lagna og gæðum, tengingum og staðsetningu brunahana.

Ábyrgð og viðhald brunahana

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 75/2000 hefur slökkviliðsstjóri eftirlit með brunahönum í samráði við vatnsveitu. Samkvæmt 27. gr. reglugerðarinnar sér vatnsveitan um uppsetningu, viðhald og eftirlit með þeim. Ef brunahanar eru tímabundið óvirkir, ber sveitarfélögum eða vatnsveitum að tilkynna það til SHS.

Slökkviliðið hefur ekki viðhaldsskyldu nema að beiðni viðkomandi vatnsveitu. Aðrir en slökkviliðsmenn og starfsfólk vatnsveitu mega ekki opna brunahana nema með leyfi vatnsveitu. Við eldsvoða hafa slökkvilið, lögregla og starfsfólk vatnsveitna heimild til nauðsynlegra aðgerða.

Ástand vatnsveitna

Vatnsveitur á starfssvæði SHS eru almennt í góðu ásigkomulagi. Í þéttbýli er vatnsöflun víðast hvar tryggð með brunahönum, en í dreifbýli er vatnsöflun með mismunandi hætti – úr brunahönum, vatnsbólum eða með tankbifreiðum.

HMS á samstarf við sveitarfélögin/slökkviliðin í landinu vegna samræmds verkefnis um úttekt á slökkvivatni vatnsveitna. SHS tekur þátt í þessu samstarfi vegna vatnsveitna á höfuðborgarsvæðinu.

Vatnstökustaðir og aðgengi

SHS hefur kortlagt vatnstökustaði í dreifbýlinu á Kjalarnesi (2007) og í Kjósarhreppi (2012). Upplýsingarnar eru aðgengilegar í slökkvi- og tækjabifreiðum og rafrænt hjá NL og varðstjóra stoðdeildar.

Í Kjósarhreppi eru um 900 fasteignir, þar af 80 íbúðarhús. Flestar fasteignir eru frístundahús, dreifð um svæðið. Samkvæmt þjónustusamningi við SHS annast heimamenn viðhald og aðgengi að vatnsbólum til að tryggja greiða aðkomu í útköllum.

Aðgengi að upplýsingum um brunahana

SHS sækir upplýsingar frá veitustofnunum um staðsetningar, stærð og afkastagetu brunahana í gegnum ákveðið kerfi. Flest sveitarfélögin eru komin með sínar upplýsingar í kerfið eða að vinna að því. Á meðan þess er beðið eru þessar upplýsingar að finna á innri vefsíðu viðkomandi sveitarfélags.

4. SKIPULAG OG STARFSEMI

Skipulag og starfsemi SHS byggir m.a. á lögum, reglugerðum, stofnsamningi og öðrum samningum, skýrum verkaskiptingum, skilgreindum ábyrgðarsviðum og faglegum kröfum til starfsfólks. Til að tryggja örugga og skilvirka neyðarþjónustu á öllu starfssvæðinu þarf slökkviliðið að búa yfir hæfu, vel þjálfuðu og rétt mönnuðu starfslíði ásamt skilvirku skipulagi og verklagi.


Í þessum kafla er fjallað um uppbyggingu og hlutverk skipurits SHS, stöðu og þróun í mönnun, menntunarkröfur og faglega þjálfun starfsfólks. Sérstök áhersla er lögð á hvernig þessi atriði styðja við lögbundið hlutverk liðsins og viðbragðsgetu í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og fagleg viðmið.

4.1 Skipulag og skipurit

Í stjórn SHS sitja framkvæmdastjórar sveitarfélaganna, borgarstjóri er formaður stjórnar. Slökkviliðsstjóri er yfirmaður liðsins og annast rekstur þess.

Endurskoðunarnefnd SHS er undirnefnd stjórnar og hefur eftirlitshlutverk gagnvart henni varðandi fyrirkomulag og virkni reikningsskila og innra eftirlits SHS, áhættustýringu, innri sem og ytri endurskoðun. Innri endurskoðun SHS heyrir einnig beint undir stjórn. Stjórn SHS hefur falið endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar þessi hlutverk.

Starfsemi slökkviliðsins skiptist í tvö kjarnasvið, forvarnasvið og aðgerðasvið, auk þriggja stoðsviða; fjármálasviðs, mannauðs og almannatengsla og skrifstofu slökkviliðsstjóra.



Mynd 5.

Forvarnasvið

Forvarnasviði stýrir sviðsstjóri. Starfsemin skiptist í tvo meginhluta, hönnunareftirlit og eldvarnaeftirlit. Að jafnaði starfa um 16 til 20 manns á sviðinu í dagvinnu og eru skrifstofur þess í Skógarhlíð.

Aðgerðasvið

Aðgerðasviði stýrir varaslökkviliðsstjóri og skiptist starfsemin í tvær einingar, dagvinnueiningu og varðlið. Á sviðinu starfa að jafnaði um 190 til 210 manns, í dagvinnu eða á vöktum allan sólarhringinn.

Dagvinnueining (að jafnaði um 7 til 10 manns)

Ábyrgð á starfsmannahaldi, skipulagi, menntun og þjálfun þeirra sem starfa í varðliði er unnin að starfsmönnum í dagvinnu. Einnig starfrækir SHS verkstæði sem skiptist í lager, þjónustuverkstæði fyrir reyk- og sjóköfunarbúnað (grímueftirlit) og almennt verkstæði sem sinnir viðhaldi tækja, búnaðar og húsnæðis.

Varðlið (að jafnaði um 190 til 200 manns)

Viðbragðsstyrkur liðsins er byggður á þremur ráðandi þáttum, viðbragðstíma, uppsettu afl á hverjum tíma, menntun og þjálfun starfsmanna. Forsenda fyrir ásættanlegum viðbragðstíma er fjöldi stöðva og staðsetning þeirra, sjá kafla 3.2. Uppsett afl liðsins byggir á grunnmönnun allan sólarhringinn og viðbótarmönnun á álagstíma. Fjöldi stöðva og heildarmönnun segir lítið ef menntun og þjálfun starfsmanna er ekki ásættanleg og í takt við veitta þjónustu. Þetta allt saman sem ein heild er forsenda fyrir þjónustu liðsins.

Þjónusta liðsins byggir því á að viðbragð á starfssvæðinu allan sólarhringinn virki sem ein heild. Þannig er eftir fremsta megni reynt að uppfylla ásættanlegt viðbragð, þ.e. að ein virk viðbragðseining sé komin á vettvang á útkallssvæði 1 á innan við 10 mínútum, í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða, þó mannskapurinn komi mögulega úr fleiri en einni átt, þ.e. frá fleiri en einni stöð eða úr öðrum verkefnum, t.d. sjúkraflutningum, háð menntun.

- Grunnmönnun allan sólarhringinn:

Fjórar (Skógarhlíð, Tunguháls, Skútahraun og Skarhólabraut) af sex stöðvum SHS eru mannaðar allan sólarhringinn. Stöðvarnar í Grundarhverfi og Káraneskoti eru ómannaðar.

Á hverri mannaðri stöð eru einn varðstjóri og þrír starfsmenn með slökkviliðs- og sjúkraflutningamenntun (1+3), þ.e. að öllu jöfnu fjórir reykkafarar á hverri stöð.

Viðbótarmönnun á stöðvunum vegna sjúkraflutninga eru átta starfsmenn samkvæmt eftirfarandi. Fjórir staðsettir í Skógarhlíð, alls átta starfsmenn (1+3+4). Tveir staðsettir í Skútahrauni og Tunguhálsi, alls sex starfsmenn á hvorri stöð (1+3+2).

Grunnmönnun liðsins er því 24 starfsmenn allan sólarhringinn, átta í Skógarhlíð, sex í Tunguhálsi, sex í Skútahrauni og fjórir á Skarhólabraut.

- Viðbótarmönnun á álagstíma:

Til að styrkja viðbragðsgetu SHS á álagstíma eru til viðbótar 14 starfsmenn sem sinna sjúkraflutningum, þ.e. sjö áhafnir sjúkrabifreiða. Fjöldi þessara starfsmanna fer eftir álagi vegna sjúkraflutninga sem er mest á dagvinnutíma á virkum dögum. Allir þessir starfsmenn eru menntaðir til sjúkraflutninga og flestir eru einnig menntaðir til slökkvistarfa. Því er hægt að sækja viðbótarstyrk í mönnun sjúkraflutninga fyrir viðbragð slökkviliðs og ef þörf er á að nýta þessa starfsmenn í útköll slökkviliðs fer það eftir menntunarstigi þeirra.

- Krossskráningar:

Á þeim stöðvum sem eru mannaðar allan sólarhringinn eru slökkviliðsmenn skráðir á dælubifreið en einnig skráðir á sjúkrabifreiðir, sem almennt er kallað krossskráning. Þeir geta einnig verið krossskráðir á gáma- eða körfubifreið, þá er það yfirleitt þriðja skráning/sæti. Það er mögulegt að þegar slökkvilið er kallað út sé útkallseining nálægustu stöðvar ekki fullmönnuð þar sem hluti hennar sé ekki á stöðinni, t.d. vegna útkalla, æfinga eða annarra verkefna.

Við boðun í útköll er því metin staðsetning tækja og mannafla og forgangsflokkun viðkomandi útkalls. Forgangi útkalla er skipt í þrjá flokka, F1 – F3, eftir alvarleika tilefnis þeirra. Ef næsta stöð fullnægir ekki útkallskröfum er annað viðbragð boðað samtímis og jafnvel starfsmenn sem skráðir eru á sjúkrabifreið. Ef þörf er á körfubifreið til viðbótar við dælubifreið er yfirleitt boðuð körfubifreið frá annarri stöð en þeirri sem fer í útkallið, nema mönnun á útkallsstöðinni leyfi annað. Þeir starfsmenn sem eru krossskráðir eru að öllu jöfnu aðeins virkjaðir í F1 og F2 útköll sjúkrabifreiða til að það hafi sem minnst áhrif á viðbragðsgetu dælubifreiða.

- Stjórnstöð/stoðdeild allan sólarhringinn:

Varðstjóri í stjórnstöð/stoðdeild annast samhæfingu útkalla og daglegra starfa. Hann sér um að útkallsboðanir séu í samræmi við verkefnið og að styrkja stöðvar með skerta mönnun. Mannaflapörf ræðst af eðli útkalls (innan- eða utanhúss) og getur breyst eftir framvindu.

Varðstjóri er einnig vakandi fyrir því hvort styrkja þurfi viðbragð með starfsfólki af öðrum stöðvum, eða boða starfsfólk af frívakt til starfa.

Stoðsvið

Stoðsviðunum þremur er stýrt af fjármálastjóra, mannauðsstjóra og skrifstofustjóra. Á stoðsviðunum, sem staðsett eru í Skógarhlíð, starfa að jafnaði um 14 til 16 manns í dagvinnu.

Stoðsviðin sinna almennum rekstri og stjórnsýslu, mannauðsmálum, fjármálum, húsnæðismálum, kynningarmálum, upplýsingatækni og -öryggi, hugbúnaðarþróun, tölfræði og greiningum, innra eftirliti og áhættustýringu, sem og almennri þjónustu við starfsmenn, skjólstæðinga og aðra viðskiptavini.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn skipa auk slökkviliðsstjóra yfirmenn kjarna- og stoðsviða.

Bakvakt slökkviliðsstjóra

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar nr. 747/2018 skal slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri eða viðurkenndur stjórnandi ávallt vera á vakt eða bakvakt og til staðar innan starfssvæðis slökkviliðsins. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á mönnun bakvakta.

4.2 Starfsemi

Í stofnsamningi SHS kemur fram að tilgangur SHS sé að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir og sinna öðrum lögbundnum verkefnum sem því hafa verið falin eða leiðir af lögum að liðinu beri að sinna.

Stjórn SHS getur falið liðinu önnur verkefni sem varða velferð íbúa aðildarsveitarfélaganna, enda falli þau að tilgangi byggðasamlagsins og séu ekki falin öðrum til úrlausnar með lögum.

Þessi skilgreining fellur að 4. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða en þar er fjallað um að heimilt sé að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem kveðið er á um í 3. gr. reglugerðarinnar. Þau verkefni mega þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Verkefnin skulu koma fram í brunavarnaáætlun og til hvaða ráðstafana hefur verið gripið af hálfu slökkviliðsins til að tryggja að þau dragi ekki úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum.

Starfsemi SHS er því skipt upp í lögbundin og önnur verkefni sem flokkast í þrjá forgangsflokka (F1-F3). Forgangsflokkur F3 víkur fyrir hærri forgangsflokkum F1 og F2, hvort sem um er að ræða lögbundin eða önnur verkefni.

Í kafla 4.4 er nánari listi yfir ýmsa samstarfsaðila SHS.

Lögbundin verkefni

SHS sinnir öllum fimm þjónustuflokkum (verkefnum) á sínu starfssvæði samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða.

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss
2. Slökkvistarf innanhúss og reykkiöfun
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum

Önnur verkefni

Eftirfarandi önnur verkefni hefur stjórn SHS falið liðinu, enda eru þau talin varða velferð íbúa aðildarsveitarfélaganna og falla að tilgangi SHS svo fremi sem þau draga ekki úr viðbragðsgetu SHS til að sinna lögbundnum verkefnum, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða.

- Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu
- Björgun utan alfaraleiða
- Björgun úr vötnum, ám og sjó
- Verðmætabjörgun vegna vatnstjóns
- Mengunarvarnir í höfnum
- Slökkvistarf á hafi úti
- Verkefni tengd almannavörnum
- Önnur verkefni forvarnasviðs, s.s. kennsla og þróunarvinna á sviði eldvarna

Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins

SHS sinnir almannavarnaverkefnum samkvæmt lögum nr. 82/2008 og reglugerð nr. 100/2009, sem viðbragðsaðili og með fulltrúa í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar. Starfsemin fer fram í samræmi við skipulag almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS).

SHS á jafnframt fulltrúa í aðgerðastjórn AHS, sem er lykilvettvangur samráðs viðbragðsaðila vegna umfangsmikilla aðgerða og stoðsvið SHS sér um þjónustu við nefndina.

Ef verkefni SHS á þessu sviði skerða daglega viðbragðsgetu er gripið til úthringinga á frívakt við slíkar aðgerðir.

4.3 Menntun og þjálfun

Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna skal vera markviss, stöðug og í samræmi við þá áhættu sem er til staðar á starfssvæði SHS. Brunamálaskólinn skal veita slökkviliðsmönnum að lágmarki þá menntun og starfsþjálfun sem krafist er samkvæmt reglugerð nr. 1246/2022 um Brunamálaskólann. Þetta felur meðal annars í sér menntun og endurmenntun slökkviliðsmanna.

Menntunin skiptist samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar í eftirfarandi námsþætti:

- Grunn nám slökkviliðsmanna
- Framhaldsnám slökkviliðsmanna
- Nám eldvarnaeftirlitsmanna
- Nám stjórnenda á vettvangi
- Nám slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra
- Endurmenntun

Hverjum námsþætti getur verið skipt upp í nokkra hluta/lotur. Í töflu 3 má sjá skiptingu starfsmanna á forvarna- og aðgerðasviði eftir efsta menntunarstigi sem þeir hafa lokið í samræmi við ofangreind námskeið, sem og fjölda starfsmanna sem enn eru í grunnþjálfun. Starfsmenn sem lokið hafa framhaldsnámi hafa að auki lokið grunnnámi, þeir sem lokið hafa stjórnendanámi á vettvangi hafa áður lokið grunn- og framhaldsnámi.

Menntun starfsmanna	Staðan 1. október 2025
Í grunnnámi	23
Grunn nám slökkviliðsmanna	11
Framhaldsnám slökkviliðsmanna	137
Nám eldvarnaeftirlitsmanna.	
Í þjálfun	2
Eldvarnaeftirlitsmaður I	0
Eldvarnaeftirlitsmaður II	9
Eldvarnaeftirlitsmaður III	7
Nám stjórnenda á vettvangi	29
Nám slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra	4
Endurmenntun	Samkvæmt áætlun hvers árs

Tafla 3.

Menntun starfsmanna SHS

Hér að aftan er tíundað hvenær starfsmenn skulu hafa lokið einstaka námsþætti og fjallað um endurmenntun liðsins. Námskeið á vegum Brunamálaskólans og önnur umfangsmeiri fara fram utan vakta. Minni námskeið og þjálfun eiga sér stað á vöktum en í þeim tilvikum sem vaktin fer í þjálfun er þess gætt að hún sé útkallsfær og útkallsstyrkur liðsins ekki skertur.

Grunnnám slökkviliðsmanna

Grunnnámið skiptist upp í tvo meginhluta. Fyrri hlutinn skiptist í þrennt; fornám, starfsnám og þjálfunarbúðir, seinni hlutinn skiptist upp í þjálfunarbúðir og lokafærnismat.

Fyrri hluta skal lokið áður en viðkomandi hefur störf sem nýliði í slökkviliði, en þá verður viðkomandi hæfur til að sinna lögbundnum verkefnum slökkviliðsins undir handleiðslu og vera með fullnægjandi

hæfni til reykköfunar. Þjálfunaráætlun liðsins gerir ráð fyrir því að fyrri og seinni hluta ljúki innan eftirfarandi tímaáætlunar.

Lokið innan	
Fyrri hluti	áður en farið er á vaktir
Seinni hluti	innan tveggja ára

Tafla 4.

Framhaldsnám slökkviliðsmanna

Þeir sem hafa lokið grunnnámi fara síðan í framhaldsnám. Námsgreinar framhaldsnámsins skulu miða að því að gera slökkviliðsmenn hæfari á sínu starfssviði og er námið nánar útfært í námskrá skólans. Þjálfunaráætlun liðsins gerir ráð fyrir því að starfsmenn ljúki framhaldsnámi innan þriggja ára frá ráðningu.

Framhaldsnám slökkviliðsmanna	Lokið innan
Framhaldsnám	innan þriggja ára

Tafla 5.

Nám eldvarnaeftirlitsmanna

Menntun starfsmanna sem sinna eldvarnaeftirliti er skipt upp í þrjá hluta og gerir þjálfunaráætlun liðsins ráð fyrir að þeim sé lokið, eins og sýnt er á töflu 6.

Nám eldvarnaeftirlitsmanna	Lokið innan
Eldvarnaeftirlitsmaður I	innan 6 mánaða
Eldvarnaeftirlitsmaður II	innan tveggja ára
Eldvarnaeftirlitsmaður III	innan þriggja ára

Tafla 6.

Nám stjórnenda á vettvangi

Þeir sem ráðnir eru í stöður varðstjóra hjá liðinu skulu taka nám stjórnenda á vettvangi sem gerir þá hæfari á sviði vettvangsstjórnunar, æfinga og reykköfunar. Þjálfunaráætlun liðsins gerir ráð fyrir því að náminu sé lokið innan eins árs frá ráðningu í starfið sem varðstjóri.

Nám slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra

Nám slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra á sviði laga og reglna um brunamál tekur mið af því að efla hæfni þeirra sem daglegra stjórnenda á því sviði. Námsgreinar námsins skulu nánar útfærðar í námskrá skólans. Þjálfunaráætlun liðsins gerir ráð fyrir að aðrir staðgenglar slökkviliðsstjóra, þ.e. bakvaktarhópur, taki einnig þetta nám. Tímarammi námsins tekur mið af viðkomandi einstaklingum sem gegna stöðunum.

Endurmenntun

Brunamálaskólinn heldur námskeið til þess að veita starfandi slökkviliðsmönnum endurmenntun eftir því sem þurfa þykir. Í 15. gr reglugerðar um Brunamálskólann nr. 1246/2022 er gert ráð fyrir að hægt sé að sækja endurmenntun hjá öðrum aðila, fagrað skólans þarf aftur á móti að meta námskeiðið og samþykkja sem endurmenntunarnámskeið. SHS sér um endurmenntun sinna starfsmanna að mestu leyti og byggir hana á þessu ákvæði.

Megináhersla á endurmenntun er yfirferð á helstu grunnatriðum, svo sem reykköfun, slökkvistörfum, björgun fastklemmdra einstaklinga, viðbrögðum við eiturefnaslysum og eldvarnaeftirliti. Auk þess fer fram fræðsla tengd nýjum búnaði, aðferðum, viðbragðsáætlunum og skyldum málefnum.

Þjálfunaráætlun liðsins gerir ráð fyrir að halda regluleg endurmenntunarnámskeið fyrir starfsfólk og leggur mikla áherslu á að uppfylla allar reglugerðir og er þá horft sérstaklega til reglugerðar nr. 1088/2013 um reykköfun.

SHS er einnig með stafræna fræðslu sem lið í endurmenntun liðsins. Öll stafræna fræðslan er framkvæmd á svipaðan hátt. Fyrst horfa starfsmenn á fyrirlestur sem er kenndur af starfsmanni sem er sérfræðingur í viðkomandi efni. Stundum fylgir verkleg æfing með fræðslunni sem starfsmenn taka með vaktinni sinni. Allri fræðslu lýkur á stuttu krossaprófi þar sem starfsmenn þurfa að ná 100% árangri til að geta lokið námskeiðinu.

SHS hefur farið þá leið að ákveðnir starfsmenn fái sérþjálfun og öðlist sérkunnáttu í tilteknum þáttum. Oftast er um að ræða nokkra starfsmenn hverju sinni, sem sjá í kjölfarið um kennslu á þeim þáttum, sem dæmi má nefna vinnu með körfubíðreiðar, björgun á fastklemmdu fólki og notkun hitamyndavéla.

Hlutastarfandi, Kjalarnes og Kjós

Hlutastarfandi starfseiningin á Kjalarnesi sinnir einvörðungu þjónustuflokki 1 (vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss) en ekki í flokkum 2–5 og er starfsfólk menntað í takt við það. Jafnframt er lögð áhersla á grunnþjálfun í viðbrögðum við slysum og aðstoð við slasaða.

Björgunarsveitin Kjölur er ávallt boðuð út samhliða útköllum SHS á Kjalarnesi skv. samningi þar um. Sveitin sinnir þó ekki slökkvistörfum og fer því ekki í slökkviþjálfun. Hins vegar veitir SHS björgunarsveitarfólki fræðslu um aðkomu að brunavettvangi, hlutverk þeirra og takmarkanir í samhæfðu viðbragði. Nokkrir meðlimir sveitarinnar gegna einnig hlutverki hlutastarfandi slökkviliðsmanna.

Samkvæmt þjónustusamningi SHS við Kjósarhrepp er lögð áhersla á að tryggja öryggi hreppsins með einkabrunavörnum, forvörnum og fræðslu, en það er í samræmi við 4 mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða sem fjallar um brunavarnir á fámennum og landfræðilega afskekktum dreifbýlissvæðum þar sem ekki er hægt að koma því við að vera með útkallslið. Fámenni og aldursskipting íbúa hefur helst stýrt því að ekki hefur verið talið raunhæft að koma á fót eiginlegu hlutastarfandi slökkviliði á svæðinu en samkvæmt samningnum er þar starfandi sk. hjálparlið, 5-10 aðilar hið minnsta, sem aðstoðar við undirbúning vatnsöflunar, umferðarstýringu o.fl., skv. 4. gr. samningsins.

Í hjálparliðinu eru einkum bændur sem geta veitt stuðning við slökkvistörf á sveitabýlum með eigin tækjabúnaði, t.d. við heybruna og vatnsöflun. Þeir þekkja vel aðstæður á svæðinu og geta einnig sinnt björgun og umönnun búfjár eftir atvikum. Haldnar eru æfingar sem miða að því að þjálf hjálparliðið í þeim verkefnum sem samningurinn tilgreinir.

Hreppurinn heldur fræðsludaga fyrir íbúa um brunavarnir í apríl ár hvert þar sem áhersla er lögð á viðbrögð við gróðureldum, forvarnir og einkabrunavarnir. SHS er hreppnum til aðstoðar varðandi fræðsluna.

4.4 Verkefni og samstarf

SHS sinnir lögbundnum verkefnum eins og talið var upp í kafla 4.2. Í þessum kafla er fjallað um samstarf við önnur slökkvilið, samstarf við opinbera aðila og samningsbundið samstarf.

Samstarf við önnur slökkvilið

Sveitarfélög geta uppfyllt skyldur sínar skv. 3. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða með samstarfi sín á milli um brunavarnir.

Meginstefna SHS varðandi aðstoð við önnur slökkvilið byggist á gagnkvæmu samstarfi og skilvirkni í útköllum sem krefjast þverfaglegs viðbragðs. SHS leggur áherslu á að veita faglega, samhæfða og áreiðanlega aðstoð, með tilliti til getu og aðstæðna hverju sinni. SHS veitir öðrum slökkviliðum og sveitarfélögum aðstoð eftir bestu getu, þegar eftir því er leitað og aðstæður leyfa. Þessi aðstoð byggist á samhjálp og sameiginlegri ábyrgð á öryggi landsmanna, sérstaklega þegar kemur að stórviðburðum og náttúruvá.

Sem dæmi um slík verkefni má m.a. nefna:

- Hraunkælingu og aðra neyðaraðstoð vegna jarðhræringa og eldgosa í Grindavík
- Aðstoð vegna aurskriðu á Austfjörðum árið 2023
- Viðbrögð við snjóflóðum á Vestfjörðum
- Aðstoð vegna efnaleka í skipum
- Aðstoð vegna bruna í skipum

SHS hefur jafnframt gert formlega samstarfssamninga við eftirfarandi slökkvilið um gagnkvæma aðstoð við almenn útköll og sérhæfð verkefni:

- Brunavarnir Árnessýslu
- Brunavarnir Rangárvallasýslu
- Brunavarnir Suðurnesja
- Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar
- Slökkvilið Borgarbyggðar

Að auki liggja fyrir samningar við eftirfarandi slökkvilið sem þjónustuveitandi vegna mengunaróhappa, sem og við:

- Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu
- Brunavarnir Árnessýslu
- Brunavarnir Rangárvallasýslu
- Brunavarnir Stykkishólms og nágrennis
- Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar
- Slökkvilið Grundarfjarðar
- Slökkvilið Snæfellsbæjar
- Slökkvilið Vestmannaeyja
- Slökkvilið Mýrdalshrepps

Samstarf við aðra opinbera aðila

SHS á í samstarfi við ýmsa opinbera aðila, viðbragðsaðila og félagasamtök sem gegna hlutverki fyrsta viðbragðs við slysum, náttúruvá og í tengslum við almannavarnir. Samstarfið snertir þannig beint starfsemi SHS.

Um er að ræða bæði formlegt, samningsbundið samstarf og óformlegt samstarf sem hefur mótast í gegnum tíðina. Í mörgum tilvikum byggist samstarfið á lögbundnum ákvæðum, til dæmis um samvinnu við lögreglu og Landhelgisgæslu Íslands.

Slökkviliðsstjóri ákveður í hverju tilviki hvernig aðstoð skuli veitt, að því gefnu að hún stofni ekki brunavörnum innan eigin umdæmis í hættu að hans mati.

Hér fyrir neðan er listi yfir helstu samstarfsaðila fyrir utan slökkviliðin:

- Almannavarnasvið ríkislögreglustjóra og almannavarnanefndir sveitarfélaganna vegna hlutverks SHS í skipulagi og framkvæmd almannavarna.
- Byggingafulltrúar á starfssvæði SHS vegna samþykktar og framkvæmdar eldvarnaeftirlits.
- Hafnaryfirvöld aðildarsveitarfélaga vegna mengunar innan hafnarsvæða.
- Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu vegna mengunaróhappa og umhverfispáttá.
- HMS vegna brunamála, eldvarnaeftirlits og námskeiða í Brunamálaskólanum.
- Landhelgisgæsla Íslands vegna samhæfingar björgunarstarfa á landi og legi.
- Landspítali vegna samræmingar og framkvæmdar sjúkraflutninga.
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vegna ýmissa verkefna tengdra viðbrögðum og öryggismálum.
- Rauði kross Íslands vegna samvinnu um sjúkraflutninga og neyðarviðbrögð.
- Samband íslenskra sveitarfélaga, einkum vegna kjarasamninga og samræmingar verkefna.
- Sérseitt ríkislögreglustjóra vegna samvinnu um bráðatækna og viðbúnað við sérstökum atvikum.
- Samgöngustofa vegna menntunar kafara og tengdrar sérhæfingar.
- Sjúkraflutningaskólinn vegna menntunar og endurmenntunar sjúkraflutningamanna.

Samningsbundið samstarf

SHS hefur gert formlega samninga um samstarf við eftirfarandi aðila:

- Kjósarhrepp - Þjónustusamning um eldvarnaeftirlit og útkallsþjónustu innan sveitarfélagsins.
- Velferðarráðuneytið/Sjúkratryggingar Íslands - Samning um framkvæmd sjúkraflutninga.
- Neyðarlínuna hf - Samning um boðun viðbragðsaðila og veitingu útkallsþjónustu.
- Faxaflóahafnir, Hafnarfjarðarhöfn og Kópavogshöfn - Samninga um mengunarvarnir og aðgerðir innan viðkomandi hafnarsvæða.
- Björgunarsveitina Kjöl - Samstarf um aðstoð við útköll á Kjalarnesi.
- Samtök fjármálafyrirtækja - Samning um viðbragð við vatnstjóni í mannvirkjum á höfuðborgarsvæðinu.
- Slysavarnafélagið Landsbjörgu og einstakar björgunarsveitir á starfssvæðinu - Samninga um samstarf á sviði almannavarna og þátttöku í björgunarverkefnum.

Afrit af framangreindum samningum sem og öðrum sem nefndir hafa verið hér fyrir ofan eru aðgengileg á skrifstofu slökkviliðsstjóra, sjá viðauka í kafla 8.2.

4.5 Eldvarnaeftirlit

Eldvarnaeftirlit og forvarnir eru meðal lögbundinna verkefna slökkviliða samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 skal slökkviliðsstjóri fyrir 1. febrúar ár hvert gefa út eftirlitsáætlun ársins þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnaeftirliti það árið. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðs eða viðkomandi sveitarfélags og vistuð í Brunagátt HMS. Jafnframt skal slökkviliðsstjóri taka saman skýrslu um framkvæmd og árangur eldvarnaeftirlits á liðnu ári og vista í Brunagátt HMS.

Við val á byggingum á eftirlitsáætlun skal horfa til mannvirkja, lóða og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Aðallega er unnið eftir þremur eftirlitsaðferðum sem byggja á upplýsingaskyldu og innra eftirliti eigenda og forráðamanna mannvirkja til eftirlitsstjórnvalds, beinu eftirliti framkvæmda af eldvarnaeftirlitinu eða átaksverkefnum.

Mikilvægt er fyrir eigendur mannvirkja að kynna sér gildandi eftirlitsáætlun SHS hverju sinni sem og lög og reglugerðir er varða málaflokkinn.

Upplýsingaskylda og innra eftirlit eigenda

Upplýsingaskylda og innra eftirlit eigenda felur í sér rafræna staðfestingu á skjalfestingu öryggis að beiðni SHS samkvæmt 10. gr. reglugerðar um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 en þar segir að eigandi skuli sjá til þess að brunaöryggi mannvirkja, lóða og starfsemi sem falla undir skoðunarskyldu eldvarnaeftirlits slökkviliða sé skjalfest.

Skjalfesting skal ná til tæknilegra atriða og skipulagsþátta, þ. á m. reglna um viðhald, þjálfun, æfingar og innra eftirlit. Sé eigandi ekki sjálfur notandi mannvirkis eða lóðar skal forráðamaður sjá til þess að skjalfesta skipulagsþætti öryggismála.

Skjalfestingin skal vera aðgengileg eldvarnaeftirliti slökkviliðs, eftir atvikum rafrænt auk þess sem slökkvilið getur krafist ítarlegri gagna sem varða brunaöryggi mannvirkisins, m.a. byggingarleyfis, niðurstaðna úttekta opinberra aðila, gagna um eigið eftirlit og staðfestinga þjónustuaðila.

Eftirlit framkvæmt af eldvarnaeftirlitinu

Eftirlit framkvæmt af eldvarnaeftirlitinu felur í sér skoðun framkvæmda á staðnum sem leiðir af sér skoðunarskýrslu. Ef brunavarnir reynast ófullnægjandi er eftir atvikum farið fram á að lagðar séu fram staðfestingar á úrbótum/yfirferð/viðhaldi brunavarna og/eða framkvæmd endurtekin skoðun á staðnum.

Átaksverkefni

Slökkviliðsstjóri getur ákveðið að í stað árlegrar eftirlitsskoðunar á mannvirkjum sem falla undir a-lið 2. mgr. sé framkvæmt átaksverkefni þar sem slökkviliðið skoðar eingöngu einn eða fleiri fyrirfram ákveðna þætti brunavarna fyrir sambærileg mannvirki. Samkvæmt 19. gr. reglugerðar um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017 sem fjallar um skoðunarskyldu eldvarnaeftirlits slökkviliðsins.

4.6 Útköll og greining

Útköll slökkviliða eru flokkuð eftir tilefni og forgangi, F1 – F3. Hér í töflu 7 er niðurbrot á verkefnum tímabilið 1. ágúst 2024 – 31. júlí 2025.

Tegund útkalls	fjöldi	hlutfall
Eldútkall	622	44,1%
Mengunarslys	89	6,3%
Fastklemmdir	208	14,7%
Annað	493	34,9%
	1.412	100,0%

Forgangur	fjöldi	hlutfall
Forgangur 1	133	9,4%
Forgangur 2	584	41,4%
Forgangur 3	695	49,2%
	1.412	100,0%

Tafla 7.

5. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Mikilvægt er að slökkvilið hafi til umráða fullnægjandi húsnæði og búnað til að geta sinnt lögbundnum verkefnum sínum á öruggan og skilvirkan hátt. Í 11. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 og reglugerð nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða eru m.a. skilgreindar lágmarkskröfur um húsnæði, bifreiðar og búnað.

Jafnframt ber að fylgja leiðbeiningum HMS um húsnæði og skipulag slökkvistöðva og útstöðva. Þar koma einnig fram viðmið um lágmarksbúnað slökkviliða, ásamt leiðbeiningum um afskriftir og úreldingu búnaðar, sem eru mikilvægar til að tryggja öryggi og rekstrarhæfni búnaðar til lengri tíma.

Eftirlitsskylda HMS

HMS samræmir brunavarnir í landinu skv. 6. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir, skal gera sjálfstæðar athuganir og úttektir og leiðbeina sveitarstjórnnum um kröfur sem gerðar eru til eldvarnaeftirlits og slökkviliða. Markmið úttektanna er að fylgja því eftir hvernig slökkviliðið vinnur í samræmi við lög, reglugerðir og eigin brunavarnaáætlun.

Í úttektunum er farið yfir helstu atriði sem tiltekin eru í lögum um brunavarnir og tengdum reglugerðum og m.a. athugað hvort uppfylltar séu lágmarkskröfur varðandi húsnæði, tæki og búnað. Skoðuð er t.d. umsýsla um reykköfunarbúnað og loftþjöppu, eftirlit með tækjum, hlífðarbúnaður og aðstaða fyrir starfsfólk.

Við síðustu úttekt HMS í nóvember 2021 voru ekki gerðar athugasemdir við ástand slökkvistöðva nema á stöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi. Viðbrögð við þeim er að finna hér að aftan.

Ekki voru heldur athugasemdir varðandi lausabúnað, né hafa verið gerðar athugasemdir vegna búnaðarupplýsinga sem skilað er árlega til HMS í samræmi við kröfur stofnunarinnar og stöðlunarskrár. Í umræddri úttekt 2021 var gerð athugasemd við aldur slökkvibifreiðar í Grundarhverfi og hefur verið brugðist við því með kaupum á nýrri bifreið fyrir stöðina.

Árið 2023 birti HMS niðurstöður vegna árlegrar endurskoðunar brunavarnaáætlunar sem gaf vísbendingar um þörf á auknum viðbragðsstyrk liðsins. Þær niðurstöður, ásamt ofangreindri úttekt 2021, leiddu af sér að stjórn SHS stofnaði starfshóp um húsnæðismál SHS til framtíðar. Starfshópurinn lagði til fjölgun sólarhringsmannaðra slökkvistöðva um tvær á höfuðborgarsvæðinu.

Húsnæði

Eins og fram hefur komið einkennist höfuðborgarsvæðið af fjölbreyttri byggð, allt frá þéttbýlu borgarumhverfi í miðborg Reykjavíkur til dreifðari úthverfa og víðfeðmra náttúrusvæða. Þessi fjölbreytni kallar á sveigjanlegt og staðbundið skipulag neyðarviðbragða, sérstaklega með tilliti til viðbragðstíma og öryggiskrafna.

Til að mæta þessum áskorunum hefur SHS til afnota húsnæði á sex mismunandi staðsetningum, eins og sést í töflu 8.

Staðsetning	Eignarhald	Mönnun
Skógarhlíð 14, Reykjavík	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	allan sólarhringinn
Tunguháls 13, Reykjavík	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	allan sólarhringinn
Skútahraun 6, Hafnarfirði	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	allan sólarhringinn
Skarhólabraut 1, Mosfellsbæ	Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	allan sólarhringinn
Grundarhverfi á Kjalarnesi	Reykjavíkurborg	ómönnuð
Káraneskot í Kjósarhreppi	Ábúendur á jörðinni	ómönnuð

Tafla 8.

Þessar staðsetningar eru valdar með það að markmiði að hámarka útbreiðslu slökkviliðsins yfir höfuðborgarsvæðið og tryggja ásættanlegan viðbragðstíma, bæði í þéttbýli og í dreifbýlli hverfum og svæðum utan þéttbýlis.

Í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða má á fámennum og landfræðilega afskekktum svæðum, þar sem ekki er raunhæft að halda úti útkallsliði, beita öðrum úrræðum til að tryggja öryggi. Það getur falist í auknum einkabrunavörnum, markvissu forvarnastarfi

og/eða uppbyggingu útstöðva með fyrsta viðbúnaði fyrir utanhússslökkvistarf. Þjálfun íbúa og samstarf við björgunarsveitir er einnig liður í að viðhalda ásættanlegu öryggisstigi þar til viðbragðsaðilar koma á vettvang.

Dæmi um slíka útfærslu er útstöðin í Káraneskoti, þar sem kerra með slökkvibúnaði er tiltæk fyrir staðbundið hjálparlið, og stöðin í Grundarhverfi, þar sem SHS starfar í samnýttu húsnæði með björgunarsveitinni Kili.

Skógarhlíð 14, Reykjavík

Slökkvistöðin í Skógarhlíð er aðalstöð SHS. Hún var tekin í notkun árið 1966. SHS hefur þar afnot af 2.941 m², þar með talinni sameign. Aðstaðan skiptist í bílasal, starfsmannaaðstöðu, verkstæði, þjónustuverkstæði fyrir reykkiöfunartæki og skrifstofur framkvæmdastjórnar, stoðsviða, almannavarna og forvarnasviðs.

Tunguháls 13, Reykjavík

Stöðin var tekin í notkun árið 1993 og er 1.138 m² að stærð. Hún skiptist m.a. í bílasal, starfsmannaaðstöðu og kennslusal.

Skútahraun 6, Hafnarfirði

Stöðin var tekin í notkun árið 2002 og er 1.640 m² að stærð. Hún inniheldur bílasal, starfsmannaaðstöðu og kennslusal. Á baklóð stöðvarinnar er æfingasvæðið Elja, sem tekið var í notkun árið 2023 í samstarfi við Slysavarnaskóla sjómanna. Þar fer m.a. fram þjálfun í reykkiöfun.

Skarhólabraut 1, Mosfellsbæ

Stöðin var tekin í notkun árið 2015 og er 1.640 m² að stærð. Þar eru bílasalir, starfsmannaaðstaða og kennslusalur.

Grundarhverfi, Kjalarnesi

Slökkvistöðin í Grundarhverfi er rekin í 300 m² hluta áhaldahúss Reykjavíkurborgar. Aðstaðan er ófullnægjandi hvað varðar pláss og þjónustu við starfsfólk, einkum skort á sturtuaðstöðu. Unnið er að stækkun hússins í samstarfi við Reykjavíkurborg og björgunarsveitina Kjöl. Teikningar liggja fyrir og stefnt er að útboði framkvæmda með það að markmiði að þær hefjist árið 2026.

Káraneskot, Kjósarhreppi

Í Káraneskoti er staðsett kerra með slökkvibúnaði sem hjálparliðið á svæðinu getur nýtt til fyrstu viðbragða og aðstoðar við vatnsöflun. Þetta fyrirkomulag fellur undir heimildir reglugerðar nr. 747/2018 um að nota staðbundnar lausnir þar sem ekki er hægt að halda úti hefðbundnu útkallsliði. Búnaðurinn er yfirfarinn árlega af starfsmönnum SHS.

Bifreiðar

Samkvæmt stofnsamningi SHS er starfræktur sérstakur fjárfestingarsjóður sem tryggja á eðlilega endurnýjun búnaðar, þ.e. slökkvibifreiða, tækja- og húsbúnaðar. Samkvæmt stofnsamningi SHS skulu fyrstu línu bifreiðar afskrifaðar og endurnýjaðar á 6 til 15 ára fresti eftir hlutverki þeirra og gerð.

Slökkvi- og tækjabifreiðar

SHS á fimm fyrstu línu slökkvi- og tækjabifreiðar, eina á hverri vaktstöð. Til viðbótar eru þrjár varabifreiðar til taks, útbúnað með svipuðum búnaði og fyrstu línu bifreiðarnar. Fjórar slökkvi- og tækjabifreiðar komu til liðsins árið 2019. Slökkvi- og tækjabifreið á Kjalarnesi var endurnýjuð haustið 2024. Samkvæmt stofnsamningi og viðmiðum fjárfestingarsjóðs skal endurnýja slíkar bifreiðar á 10 ára fresti.

Körfubifreiðar

SHS á tvær körfubifreiðar frá árinu 2024, báðar með Bronto-lyftubúnaði. Þær ná allt að 45 metra hæð. Bifreiðarnar eru að jafnaði staðsettar í Skógarhlíð og Skútahrauni. Samkvæmt stofnsamningi og viðmiðum fjárfestingarsjóðs skal endurnýja slíkar bifreiðar á 13 ára fresti.

Gámabifreiðar

SHS á tvær gámabifreiðar, önnur er staðsett í Skútahrauni (árgerð 2004) en hin á Skarhólabraut (árgerð 2008). Að auki hefur SHS afnot af gámabifreið Hjälparsveitar skáta í Reykjavík. Samkvæmt stofnsamningi og viðmiðum fjárfestingarsjóðs skal endurnýja slíkar bifreiðar á 15 ára fresti.

Aðrar bifreiðar

Slökkviliðið er með að jafnaði um átta bifreiðar sem sinna ýmsum hlutverkum innan liðsins. Samkvæmt stofnsamningi og viðmiðum fjárfestingarsjóðs skal endurnýja slíkar bifreiðar á 6 ára fresti.

Búnaður

SHS skiptir búnaði sínum í tvo meginflokka; gáma og lausabúnað.

Gámar

SHS hefur yfir að ráða 9 mismunandi gámaeiningum sem gegna mikilvægu hlutverki við útköll og sérhæfð verkefni. Samkvæmt stofnsamningi og viðmiðum fjárfestingarsjóðs skal endurnýja gáma á 15 ára fresti.

Gámaeiningarnar eru eftirfarandi:

- Verðmætaverndargámur – með rafstöðvum, vatnssugum, yfirbreiðslum, vatnskörum og eiturefnabúnaði.
- Tveir vatnstankagámar – 9.000 og 10.000 lítrar.
- Lagnagámur – með um 3.000 m af slöngum, tveimur dælum og ýmsum smáverkfærum.
- Eiturefnagámur – með viðbragðsbúnaði við leka hættulegra efna.
- Tveir hafnargámar – fyrir mengunarhreinsun í höfnum.
- Reykköfunargámur – með búnaði fyrir reykkafera.
- Sjúkra- og stjórnstöðvargámur – aðstaða fyrir stærri atburði.
- Björgunartækjagámur – með búnaði til rústabjörgunar.
- Æfingabúnaður og flutningspallar á gámagrindum – m.a. eiturefnaæfingapallar.

Lausabúnaður

SHS á um 1.500 hluti skráða sem lausabúnað samkvæmt skilgreiningu HMS. Sem dæmi um lausabúnað eru um 90 reykköfunartæki með fjarskiptum og um 200 auka lofthylki til reykköfunar. Samkvæmt stofnsamningi og viðmiðum fjárfestingarsjóðs skal endurnýja lausabúnað á 4 til 20 ára fresti.

6. ÁHÆTTUMAT OG MÓTVÆGI

Fyrsta skref við mat á áhættu sem hefur áhrif á starfsemi og stærð SHS er að kortleggja áhættur á starfssvæði liðsins. Þetta er gert með því að flokka byggingar og svæði eftir eðli starfsemi þeirra, t.d. íbúðarhús, skólar, sjúkrahús og iðnaðarsvæði, og meta umfang áhættunnar.

Stærstu og flóknustu áhætturnar, s.s. eldsvoðar í fjölmönnum mannvirkjum, stór iðnaðarslys eða mengunaróhöpp, móta að miklu leyti stærð slökkviliðsins, en lykilforsenda árangurs SHS er að viðbragðstími sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í 16. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða þ.e. að almennt sé viðbragðstími innan 10 mínútna.

6.1 Áhættumat og áhættustig

Hér er stuðst við ítarlega áhættugreiningu á starfssvæði SHS sem var gerð árið 2017 og endurtekin á sömu forsendum haustið 2024 og ráðandi niðurstöðurnar settar í greiningarlíkan HMS. Einungis voru áhættur vegna mannvirkja skráðar í líkanið en matið tekur einnig til annarra þátta, í samræmi við eldri áhættugreiningu.

Afmörkun greiningar

Við val og greiningu áhætta er horft til forgangsröðunar í starfseminni, þ.e. verndunar lífs – umhverfis – eigna. Áhættur eru skoðaðar út frá þjónustuflokkunum, þ.e. slökkvistarfi utanhúss og innanhúss, viðbragði við mengunarslysum og björgun fastklemmdra.

Fyrst og fremst er lögð áhersla á viðbrögð við eldsvoðum og mengunarslysum. Hvað björgun fastklemmdra varðar þá liggur helsta áhætta þar í gatnakerfinu og umferðinni. SHS hefur mannskap og búnað til þess að bregðast við stórum umferðarslysum.

Við afmörkun eru eftirfarandi þættir ekki hluti af áhættumati brunavarnaáætlunarinnar:

- Áhættur sem falla undir lög um almannavarnir í þessari greiningu, s.s. náttúruhamfarir, eru undanskildar þar sem þær heyra undir sérhæft mat og viðbrögð almannavarna, sem er annað viðbragðskerfi en SHS.
- Stærri fyrirtæki sem eiga að skila inn hættumati til samráðsnefndar um stórslysavarnir í iðnaði, en hana skipa fulltrúar frá Vinnueftirlitinu, ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun og HMS. Nefndin er vakandi yfir þessum áhættum og kallar m.a. til slökkviliðið er þurfa þykir.
- Brennusvæði, svæði með opnum eldum eða vatnsverndar- og útivistarsvæði ásamt skilgreindum brennusvæðum fyrir áramótabrennur, þar sem þessi svæði lúta sérstöku eftirliti og viðbúnaðarferlum sem eru utan hins almenna áhættumats SHS.

Áhættugreining árið 2017

Ítarleg áhættugreining á starfssvæði SHS var fyrst framkvæmd árið 2017 og endurtekin haustið 2024. Seinni greiningin staðfesti í meginatriðum niðurstöður fyrri greiningar en þó urðu nokkrar breytingar á áhættustigi einstakra svæða vegna breytinga á starfsemi og mannvirkjum á tímabilinu.

Greiningarnar voru framkvæmdar samkvæmt leiðbeiningum HMS og erlendra systurstofnana. Í þeirri vinnu voru byggingar og svæði flokkuð eftir eðli starfsemi, metin með tilliti til líkinda og hugsanlegra afleiðinga atvika, og áætlað viðbragð í samræmi við áhættustig. Alls voru greindir 12 flokkar sem valdir voru vegna mikilvægis þeirra fyrir öryggi almennings og samfélagslegrar ábyrgðar. Flokkarnir eru fyrirtæki og heimili, stjórnslá, söfn og menningarverðmæti, ferðamannaiðnaður og afþreying, samgöngur og flutningar, heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir, verslun, iðnaður og sérstakar áhættur, auk brennu- og vatnsverndarsvæða.

Í matinu 2017 var áhættustig vegna gróðurelda og mengunarslysa á vatnsverndarsvæðum mjög hátt og áhættustig brenna lágt og ekki er talið að þetta hafi breyst síðan. Aðrar áhættur sem vega hátt tengjast samgöngum og flutningum, þ.e. gatnakerfi, skemmtiferðaskipum og flugvöllum, og mögulega geta atvik í skemmtiferðaskipum eða innan eða í næsta nágrenni flugvalla kallað á viðbragð frá öllum stöðvum.

Áhættumat

Öryggi fólks og dýra ræður því hvernig brunavarnir mannvirkis eru ákvarðaðar með hliðsjón af notkun þess. Miðað er við sex notkunarflokkka mannvirkja samkvæmt 9. kafla um varnir gegn eldsvoða í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Notkunarflokkarnir ákvarðast af þremur meginþáttum:

- Hvort fólk sefur í mannvirkinu
- Hvort fólk þekkir flóttaleiðir í mannvirkinu
- Hvort það geti sjálft bjargað sér út úr mannvirkinu við eldsvoða

Þessi flokkun tryggir að brunavarnir séu sniðnar að sértækri áhættu hvers flokks og stuðla þannig að auknu öryggi þeirra sem þar búa eða dvelja hverju sinni.

Í notkunarflokki 5 eru mannvirki þar sem fólk sefur, þekkir ekki flóttaleiðir og getur ekki bjargað sér sjálft út við eldsvoða. Dæmi: Hjúkrunarheimili og heilbrigðisstofnanir með inniliggjandi sjúklinga. Notkunarflokkur 6 byggir á sömu forsendum en til viðbótar er gert ráð fyrir að einhverjir séu innilokaðir í mannvirkinu, t.d. fangelsi eða öryggisrými.

Notkunarflokkarnir 1 til 4 ná til mannvirkja þar sem fólk getur almennt bjargað sér sjálft út, þekkir oft flóttaleiðir og sefur ekki endilega í húsnæðinu. Dæmi eru t.d. íbúðarhúsnæði, skrifstofur, verslanir, þjónusturými og samkomuhús.

Við mat á áhættu er horft til þess hvort viðbragðstími SHS sé innan þeirra marka sem 16. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða skilgreinir. Samkvæmt henni skal viðbragðstími að jafnaði ekki fara yfir 10 mínútur fyrir almennt byggð svæði (útkallssvæði 1).

Í greiningunni var fjöldi mannvirkja flokkaður í viðeigandi flokka á fyrrnefndan hátt. Þessir flokkar eru viðtækari en notkunarflokkarnir og nýtast til áhættumats og forgangsroðunar. Mannvirkin voru metin út frá eftirfarandi mælikvörðum:

- Sennilegur fjöldi einstaklinga í hættu
- Samfélagsleg og rekstrarleg áhrif
- Viðbragðstími slökkviliðs
- Sjálfbjargargeta einstaklinga
- Ástand viðkomandi áhættu

Áhersla var m.a. lögð á notkunarflokkka 5 og 6 þegar valin voru mannvirki með ráðandi áhættu sem sett voru í greiningarlíkan HMS. Einnig var horft til eftirlitsáætlunar forvarnasviðs SHS.

Sérstaklega var litið til mannvirkja þar sem viðbragðstími SHS er lengri en 10 mínútur. Ef hann fer yfir 15 mínútur eða ef slökkviliðið er ekki nægilega útbúið til að takast á við eldsvoða, ber að styrkja brunavarnir mannvirkjanna, sbr. gr. 9.2.6 í byggingarreglugerð.

Í líkani HMS er notast við 5x5 áhættufylki líkinda og afleiðinga og vegið meðaltal ofangreindra mælikvarða sem getur leitt til +/- 30% breytinga á útkomu áhættufylkis.

Í töflu 9 eru fimm mannvirki skilgreind sem eru lýsandi fyrir áhættu í flokki 4 – 5, sem hafa áhrif á stærð slökkviliðsins. Þau voru valin út frá ofangreindum þáttum. Þau teljast þó ekki endilega hættulegust í sínum flokki heldur lýsandi fyrir þau viðmið sem lögð voru til grundvallar. Þar sem greiningin hefur þegar náð yfir sambærilegar aðstæður þótti óþarft að birta hér fleiri sambærileg mannvirki. Í viðauka í kafla 8.1 má finna lista yfir fleiri áhættu á starfssvæði SHS.

Til að skýra betur samhengi skal tekið fram að röðun töflunnar byggist ekki á stigun áhættu, heldur er hún tilviljanakennd til að tryggja jafnt vægi allra valinna mannvirkja í umfjölluninni.

Áhætta	Fjöldi einstaklinga	Samfélagsleg og rekstrarleg áhrif	Viðbragðstími	Ástand einstaklinga	Ástand mannvirkis
Landspítali - Hringbraut	400 - 1.000	yfir 100 starfsmenn / milljarð í veltu	< 10 mín	< 30 ósjálfbjarga	Góð hús sem uppfylla þarfir
Landspítali - Kleppur	30 - 100	26 til 50 starfsmenn	< 10 mín	< 30 ósjálfbjarga	Steinsteypt
Kórinn	400 - 1.000	yfir 100 starfsmenn / milljarð í veltu	10 til 15 mín	sjálfbjarga	Nýlegt
Fangelsið Hólmsheiði	30 - 100	25 til 50 starfsmenn	10 til 15 mín	< 30 ósjálfbjarga	Nýlegt
Hvalfjarðargöng	400 - 1.000	yfir 100 starfsmenn / milljarð í veltu	15 til 20 mín	< 30 ósjálfbjarga	-

Tafla 9.

Til viðbótar þeim áhættum sem hér eru lagðar til grundvallar áhættumati má benda á að nokkur mannvirki eru í ferli vegna krafna um úrbætur á grundvelli 23. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 vegna hættu sem þar hefur skapast vegna ófullnægjandi brunavarna. Gera má ráð fyrir að einhverjum þeirra mála ljúki og önnur bætist við á gildistíma brunavarnaáætlunarinnar. Einnig eru önnur mannvirki flokkuð sem sérstakar hættur, sjá viðauka í kafla 8.1 þar sem hægt er að skoða yfirlit yfir mannvirki sem flokkuð eru sem hættur út frá fyrrnefndum mælikvörðum og áhættuflokkum og ætti að gefa nokkuð gott yfirlit um stöðuna 1. október 2025.

Áhættustig

Að áhættumati loknu er áhættustig mannvirkja metið út frá tveimur meginþáttum:

- Líkur á að atvik (t.d. eldsvoði eða mengunarslys) eigi sér stað
- Afleiðingar slíks atviks fyrir líf, heilsu, umhverfi eða verðmæti

Þessir tveir þættir eru margfaldaðir saman í greiningarlíkani HMS og að teknu tilliti til vægis fyrrnefndra mælikvarða raðast áhætturnar á kvarða frá 1 til 5, þar sem:

- 1 merkir lága áhættu
- 5 merkir mjög háa áhættu

Hafa þarf í huga að röðun í töflu 10 endurspeglar ekki áhættu viðkomandi mannvirkis, heldur þá áhættu sem skapast getur komi til atviks í mannvirkinu.

Áhætta	Líkur	Afleiðing	Áhættustig
Landspítali - Hringbraut	Töluverðar	Stórslys	5
Landspítali - Kleppur	Töluverðar	Krítískt	4
Kórinn	Auknar	Stórslys	4
Fangelsið Hólmsheiði	Töluverðar	Stórslys	5
Hvalfjarðargöng	Töluverðar	Stórslys	5

Tafla 10.

6.2 Mótvægi stöðvar

Við mat á viðbragðsgetu einstakra stöðva SHS er greint hvort mótvægi þeirra í formi mönnunar, menntunar og þjálfunar starfsfólks sem og búnaðar sé nægjanlegt til að mæta þeirri áhættu sem ríkir á þjónustusvæði viðkomandi stöðvar. Þetta mat er lykilþáttur í því að tryggja ásættanlega þjónustu og öryggi íbúa, umhverfis og verðmæta og stuðlar að markvissri forgangsroðun í rekstri og þróun liðsins.

Rétt er að horfa til mótvægis stöðvar og meta í samhengi við viðbragðstíma stöðvarinnar að viðkomandi áhættu. Mótvægi stöðvar endurspeglar viðbragðsgetu hverrar slökkvistöðvar m.t.t. mótvægisflokka, þ.e. ef mótvægi stöðvar er 1 þá uppfyllir sú stöð mótvægisflokk 1. Fyrir hverja áhættu er möguleiki á svörun frá fleiri en einni stöð, margar stöðvar saman uppfylla þá hærri mótvægisflokka. Til þess að uppfylla mótvægisflokk 3 þarf svörun að vera frá fjórum stöðvum, úthringing starfsmanna á frívakt til viðbótar getur hækkað mótvægisflokk upp í 4. Hvort stöðvar teljist geta svarað til stakrar áhættu markast af því að útreiknaður viðbragðstími (viðbragð og aksturstími til skilgreindrar áhættu) hverrar stöðvar sé undir 60 mínútum.

Þar sem SHS er eitt lið með sameiginlegan viðbragðsstyrk fyrir allt starfssvæðið er eðlilegast að líta á mótvægi liðsins í heild gagnvart þeim áhættum sem ríkja þar. Mótvægi hverrar hinna sólarhringsreкну stöðva er nægilegt m.t.t. búnaðar, mönnunar, menntunar og þjálfunar (mótvægi 1) og þær ná allar fjórar til allra mannvirkja í þéttbýli, á útkallssvæðum 1 – 3 og að mestu á útkallssvæði 4, innan 60 mínútna, að undanskildum afskekktustu jaðarsvæðunum, þar sem ein til þrjár stöðvar ná innan 60 mínútna.

6.3 Niðurstöður

Niðurstöður greiningarlíkans HMS sýna að þrjár áhættur af þeim fimm sem valdar voru sem lýsandi fyrir þær áhættur sem hafa áhrif á stærð SHS, sjá kafla 6.1, eru á áhættustigi 5 og afleiðingarnar stórslys. Þær eru því einkennandi fyrir þær áhættur á starfssvæðinu sem hafa mest áhrif á stærð og skipulag SHS. Áhætturnar má sjá í töflu 11, hafa þarf í huga að röðun töflunnar endurspeglar ekki áhættu viðkomandi mannvirkis.

Áhætta	Næsta slökkvistöð	Vegalengd	Raun viðbragðstími	Viðbragðsstöðvar
Landspítali - Hringbraut	Skógarhlíð	1,3 km	4 mín	Skógarhlíð-Tunguháls-Skútahraun-Skarhólabraut
Hvalfjarðargöng	Skarhólabraut	20,7 km	18 mín	Skógarhlíð-Tunguháls-Skútahraun-Skarhólabraut
Fangelsið Hólmsheiði	Tunguháls	6,9 km	7 mín	Skógarhlíð-Tunguháls-Skútahraun-Skarhólabraut

Tafla 11.

Greiningarlíkan HMS sýnir að mönnun, búnaður og mótvægisáðgerðir SHS eru nægilega öflug til að bregðast við stærstu hættum á þjónustusvæðinu, svo sem stórbrunum, slysum með hættulegum efnum og umfangsmiklum björgunaraðgerðum. Vakthafandi slökkviliðsmenn með reykköfunarréttindi eru jafnan 16–32 talsins. Sé aukamannskapur utan vaktar kallaður út getur fjöldinn tvöfaldast á innan við klukkustund. Mótvægi SHS til viðbragðs við áhættum er í hæsta mótvægisflokki, þ.e. flokki 4.

Markmið SHS er að halda hlutfalli starfsmanna með gild reykköfunarréttindi í minnst 75% af heildarmönnun varðliðs. Þetta tryggir að hægt sé að sinna daglegum verkefnum og mæta umfangsmiklum útköllum með yfirvinnu, án þess að draga úr öryggi eða viðbragðsgetu.

Í jöðrum starfssvæðisins er að finna aðstæður þar sem takmarkanir liggja við viðbragði vegna fjarlægðar við slökkvistöð og eðli starfsemi á staðnum, fullt viðbragð næst ekki innan skilgreindra tímamarka. Mótvægisáðgerðir vegna þess felast annars vegar í auknum brunavörnum í samræmi við gr. 9.2.6 í byggingarreglugerð nr. 112/2012, en þar kemur fram að á þeim stöðum þar sem útkallstími slökkviliðs er yfir 15 mínútur skuli brunavarnir mannvirkis auknar sem áhrifum þess nemur, og hins vegar í auknu forvarnastarfi, einkabrunavörnum, rekstri útstöðvar og þjálfun íbúa í björgunarstörfum í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða, sbr. ákvæði þjónustusamnings við Kjósarhrepp.

SHS hefur gert gagnkvæma aðstoðarsamninga við nágrannaslökkvilið, m.a. á Suðurnesjum, í Árnessýslu og á Akranesi. Þessir samningar hafa reynst sérstaklega dýrmætir við umfangsmiklar og tímafrekar aðgerðir, svo sem gróðurelda á afskekktum svæðum og stórbruna, þar sem þörf er á miklum mannafla og búnaði yfir lengri tíma.

7. FRAMKVÆMDAÁÆTLUN

Framkvæmdaáætlun gerir grein fyrir þeim breytingum og endurskoðun á starfsemi slökkviliðs sem fyrirhugað er að gera á gildistíma brunavarnaáætlunar.

Eins og áður hefur komið fram þá liggja fyrir tillögur um fjölgun og staðsetningu stöðva. Tillögurnar eru unnar af starfshópi um húsnæðismál í framhaldi af niðurstöðum úttekta HMS á starfsemi SHS, samþykktar af stjórn SHS og aðildarsveitarfélögunum og marka mikilvægt framfaraskref fyrir næstu ár og áratugi.

Áform eru þegar komin á dagskrá um byggingu tveggja nýrra stöðva sem eru við Tónahvarf í Kópavogi og á frátekinni lóð á Völlumum í Hafnarfirði.

Einnig er gert ráð fyrir flutningi stöðvar frá Tunguhálsi að Sundabraut og stöðvar frá Skógarhlíð að BSÍ-reit.

Höfuðstöðvar og skrifstofur SHS verða fluttar að fyrirhugaðri stöð við Sundabraut eða björgunarmiðstöðinni sem fyrirhugað er að byggja á sama svæði. Gert er ráð fyrir að stöðin við Tónahvarf verði reist innan gildistíma núverandi brunavarnaáætlunar, en aðrar framkvæmdir séu hluti af langtímaskipulagi.

Í áhættugreiningu SHS kom ekkert fram sem kallar á að nauðsynlegt sé að gera breytingar á núverandi búnaði. Áður en stöðin við Tónahvarf verður tekin í notkun þarf að tryggja að búið sé að ráða inn starfsmenn og þjálfa þá ásamt því að kaupa sambærilegan grunnbúnað og er á núverandi stöðvum liðsins því ekki er hægt að færa búnað frá öðrum stöðvum.

Þessar aðgerðir eru liður í því að tryggja jafnt aðgengi að þjónustu, bæta viðbragðstíma í vaxandi hverfum og mæta þeim kröfum sem ráðandi áhættur á svæðinu gera til SHS.

7.1 Endurnýjun og aðrar fjárfestingar

Tafla 12 sýnir endurnýjun á búnaði ásamt öðrum fjárfestingum sem ekki koma fram í úrvinnslu áhættumats en eru nauðsynlegar fyrir starfsemi slökkviliðs. Áætlað er jafnframt að ný slökkvistöð við Tónahvarf verði byggð á nokkrum árum og tekin í notkun fyrir lok gildistíma áætlunarinnar.

Stöð	Liður	Lýsing / magn	Áætlunarár
Skógarhlíð			
	Slökkvi- og tækjabifreið	1	2028
Tunguháls			
	Slökkvi- og tækjabifreið	1	2029
Skútahraun			
	Slökkvi- og tækjabifreið	1	2029
	Gámabifreið	1	2026
Skarhólabraut			
	Slökkvi- og tækjabifreið	1	2030
	Gámabifreið	1	2026
Tónahvarf			
	Slökkvi- og tækjabifreið	1	2030
	Körfubifreið	1	2030
	Gámabifreið	1	2030
Allar stöðvar			
	Gámar	Samkvæmt viðmiðum fjárfestingarsjóðs	2026 - 2030
	Lausabúnaður	Samkvæmt viðmiðum fjárfestingarsjóðs	2026 - 2030

Tafla 12.

7.2 Menntunaráætlun

Tafla 13 sýnir menntunaráætlun slökkviliðsins á gildistíma áætlunarinnar. Áætlunin felst í að tryggja viðhald menntunarstigs liðsins svo það sé í stakk búið að sinna lögbundnum verkefnum og takast á við áhættur á svæðinu. Aukinn fjöldi nemenda við grunnnám er vegna nýliðunarþarfar vegna nýju slökkvistöðvarinnar við Tónahvarf og reglulegrar endurnýjunar.

Gert er ráð fyrir átta nýliðum í þremur áföngum vegna Tónahvarfs, á árunum 2027-2030 eftir framvindu uppbyggingar stöðvarinnar. Til að bregðast við fjölgun mála á forvarnasviði verða ráðnir fjórir eldvarnaeftirlitsmenn umfram reglulega endurnýjun á tímabilinu, þ.e.a.s. tveir árið 2027 og tveir árið 2030.

Menntunaráætlun	2026	2027	2028	2029	2030
Grunnnám slökkviliðsmanna	12	10	12	12	12
Framhaldsnám slökkviliðsmanna	11	12	10	12	12
Nám eldvarnaeftirlitsmanna					
Eldvarnaeftirlitsmaður I	2	3	0	0	3
Eldvarnaeftirlitsmaður II	0	2	3	0	0
Eldvarnaeftirlitsmaður III	4	5	2	3	0
Nám stjórnenda á vettvangi					8
Nám slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra*					
Endurmenntun	Samkvæmt endurmenntunaráætlun hvers árs				

* Samkvæmt þörfum, háð breytingum í mannafla

Tafla 13.

7.3 Samantekt og rökstuðningur framkvæmdaáætlunar

Bygging nýrrar slökkvistöðvar á þjónustusvæði SHS er í samræmi við ákvarðanir stjórnar og aðildarsveitarfélaga SHS í kjölfar skýrslu starfshóps um húsnæðismál SHS og þeirra tillagna sem þar birtust. Að baki niðurstaðna starfshópsins og tillagnanna var ítarleg greining á viðbragðstímum og viðbragðsstyrk sem sýndi þörf á fjölgun stöðva um tvær og tilfærslu annarra. Fyrsti áfangi, bygging fimmtu sólarhringsmönnuðu slökkvistöðvar SHS í Tónahvarfi í Kópavogi, er innan fimm ára framkvæmdaáætlunar, ásamt tækjum, búnaði og mönnun fyrir stöðina.

Stjórn SHS ákvað að flýta fjölgun starfsfólks til að auka viðbragðsstyrkinn strax og voru tíu nýir slökkviliðsmenn ráðnir í upphafi árs 2025. Aðrar ráðningar, um 25 manns, munu taka mið af því að búið verði að mennta og þjálfra mannskap áður en stöðin í Tónahvarfi verður tekin í notkun.

Stækkun áhaldahúss/slökkvistöðvar í Grundarhverfi á Kjalarnesi er í samræmi við samþykktar tillögur starfshóps um húsnæðismál. HMS gerði úttekt á stöðu slökkviliða árið 2021 og sneru meginathugasemdir að því að aðstaða og tækjabúnaður á Kjalarnesi uppfyllti ekki kröfur.

Endurnýjun bifreiða á tímabilinu tekur mið af líftíma bifreiða í fyrstu línu skv. stofnsamningi SHS (forsendum fjárfestingarsjóðs), þ.e. að slökkvi- og tækjabifreiðar verði ekki eldri en 10 ára og gámabifreiðar ekki eldri en 15 ára. Núverandi slökkvi- og tækjabifreiðar SHS í fyrstu línu eru árgerð 2019 og gámabifreiðarnar tvær eru frá 2004 og 2008.

8. VIÐAUKAR OG FYLGISKJÖL

8.1 Viðauki I – Yfirlit yfir sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Yfirlit um stöðu mannvirkja 1. október 2025 á starfsvæði SHS.

Áhætta	Líkur	Afleiðing	Áhættustig
Aðalstræti 10	Auknar	Krítískt	3
Álverið í Straumsvík	Auknar	Stórslys	3
Blóðbankinn	Auknar	Krítískt	3
Borgarplast	Auknar	Krítískt	3
Costco	Auknar	Litlar	2
Egilshöll	Litlar	Hættulegt	2
Eimskip - Vörugeymsla	Auknar	Krítískt	3
Eiturefnalager Olís	Auknar	Litlar	2
Fangelsið Hólmsheiði	Töluverðar	Stórslys	5
Fosshótel Reykjavík	Auknar	Krítískt	3
Fóðurblandan, korngeymsla	Auknar	Hættulegt	3
Geymslusvæði Terra - flugeldageymsla	Auknar	Litlar	2
Gljúfrasteinn Laxness safn	Auknar	Krítískt	3
Grand hótél	Auknar	Krítískt	3
Hagar/Aðföng vöruhús	Auknar	Litlar	2
Hallgrímskirkja	Töluverðar	Krítískt	4
Harpa	Auknar	Stórslys	4
Hjúkrunarheimilið Droplaugarstaðir	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Eir	Auknar	Krítískt	4
Hjúkrunarheimilið Grund	Auknar	Krítískt	4
Hjúkrunarheimilið Hamrar	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Hrafnista	Auknar	Krítískt	4
Hjúkrunarheimilið Hrafnista Sléttuvegi	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Hrafnista, Boðarþingi	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Hrafnista, Hraunvangur	Auknar	Krítískt	4
Hjúkrunarheimilið Ísafold, Hrafnista Garðabær	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Mörk	Auknar	Krítískt	4
Hjúkrunarheimilið Seljahlið	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Seltjörn	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Skjól	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Skógarbær	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Sóltún	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Sólvangur	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð	Auknar	Krítískt	3
Hjúkrunarsambýlið Roðasali	Auknar	Krítískt	3
Hólmastlóð 8, olíurannsóknir o.fl.	Auknar	Hættulegt	3
Hólmastlóð, olúbirgðastöð	Töluverðar	Stórslys	4
Hringrás	Auknar	Krítískt	3
Hvalfjarðargöng	Töluverðar	Stórslys	5
Höfði	Auknar	Hættulegt	2
Icepharma - lyfjalager	Auknar	Hættulegt	3
Ikea	Auknar	Hættulegt	3
Íslensk erfðagreining	Auknar	Hættulegt	3
Keldur rannsóknarstöð	Auknar	Hættulegt	3
Klébergsskóli	Töluverðar	Hættulegt	3

Tafla 14.

Framhald: Viðauki I – Yfirlit yfir sérstakar bruna- eða mengunarhættur

Áhætta	Líkur	Afleiðing	Áhættustig
Kórinn	Auknar	Stórslys	4
Kringlan	Auknar	Krítískt	3
Landakotskirkja	Auknar	Litlar	2
Landhelgisgæslan - flugskýli	Auknar	Hættulegt	2
Landspítali - Fossvogi	Töluverðar	Stórslys	5
Landspítali - Grensásdeild	Auknar	Krítískt	3
Landspítali - Hringbraut	Töluverðar	Stórslys	5
Landspítali - Kleppur	Töluverðar	Krítískt	4
Landspítali - Landakot	Töluverðar	Stórslys	5
Laugardalshöll	Auknar	Stórslys	4
Leikskólinn Berg	Auknar	Litlar	2
Lyfjalager Disticta	Auknar	Hættulegt	3
Lögreglustöðin Hverfisgötu	Auknar	Krítískt	3
Malbikunarafgreiðsla Colas	Auknar	Litlar	2
Meðferðarheimilið Hlaðgerðarkot	Töluverðar	Litlar	3
Meðferðarstöðin Vík	Auknar	Hættulegt	3
Móttöku- og flokkunarstöð Sorpu	Töluverðar	Litlar	3
Norræna húsið	Auknar	Litlar	2
Olúbirgðastöð Atlantsolíu	Auknar	Stórslys	3
Rannsóknarstofa Landspítala	Töluverðar	Hættulegt	3
Raunvísindastofnun HÍ, rannsóknarstofa	Auknar	Hættulegt	3
Reiknistofa bankanna	Auknar	Stórslys	4
Reykjadalur - sumarbúðir fyrir fatlaða	Auknar	Krítískt	3
Reykjalundur og sambýlið Hlein	Auknar	Krítískt	3
Reykjavíkurflogvöllur	Auknar	Krítískt	3
Rjóður, Landspítali	Auknar	Hættulegt	3
Safnagæmslur Safnahúss Þjóðminjasafns Íslands	Auknar	Krítískt	3
Safnahúsið	Auknar	Stórslys	3
Sambýlið Esjugrund 5	Auknar	Litlar	2
Samskip - Vörumiðstöð	Auknar	Krítískt	3
Skátaheimilið Vífilsbúð	Auknar	Litlar	2
Skrifstofa Þjóðminjasafns Íslands - minjagæmsla	Litlar	Stórslys	3
Smáralind	Auknar	Krítískt	3
Sprengiefnagæmsla - Landsbjörg, flugeldar	Auknar	Hættulegt	2
Sprengiefnagæmslur Hólmsheiði	Auknar	Stórslys	3
Stuðlar	Töluverðar	Krítískt	4
Sumarbúðir Vindáshlíð	Auknar	Krítískt	3
Svefn og heilsa, lager	Auknar	Hættulegt	2
Turninn Smáratorgi	Auknar	Krítískt	3
Viðeyjarstofa	Auknar	Litlar	2
Vogur sjúkrahús	Töluverðar	Krítískt	4
Waldorfskólinn Lækjarbotnum	Töluverðar	Hættulegt	3
Þjóðleikhúsið	Auknar	Krítískt	3
Þjóðminjasafn Íslands	Töluverðar	Stórslys	4
Þjóðminjasafn Íslands - minjagæmsla	Töluverðar	Stórslys	4
Þjóðskjalasafn Íslands	Auknar	Hættulegt	3
Þvottahús Landspítala	Auknar	Litlar	2

Tafla 14, frh.

8.2 Fylgiskjöl – Samningsbundið samstarf

Lýsing skjals*	Tegund skjals	Dagsetning skjals
Samstarfssamningur á grundvelli 14. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir		
Stofnsamningur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.	Samningur	01.24.2025
Samstarfssamningar á grundvelli 20. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir		
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Brunavarnir Austur-Húnavetninga	Samningur	11.09.2025
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Brunavarnir Árnassýslu	Samningur	01.05.2021
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Brunavarnir Rangárvallasýslu	Samningur	01.10.2021
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Faxeafloahafnir	Samningur	25.06.2018
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Hafnarfjarðarhöfn	Samningur	01.06.2000
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Kópavogshöfn	Samningur	01.06.2000
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Mýrdalshreppur	Samningur	19.05.2018
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar	Samningur	01.05.2021
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Slökkvilið Grundarfjarðar	Samningur	01.05.2021
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Slökkvilið Snæfellsbæjar	Samningur	23.12.2021
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Slökkvilið Stykkishólms og nágrennis	Samningur	23.12.2021
Aðstoð vegna mengunaróhappa - Slökkvilið Vestmannaeyja	Samningur	22.02.2020
Gagnkvæm aðstoð - Brunavarnir Árnassýslu og SHS	Samningur	01.05.2021
Gagnkvæm aðstoð - Brunavarnir Rangárvallasýslu og SHS	Samningur	01.10.2021
Gagnkvæm aðstoð - Brunavarnir Suðurnesja og SHS	Samningur	10.05.2021
Gagnkvæm aðstoð - Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar og SHS	Samningur	01.05.2021
Gagnkvæm aðstoð - Slökkvilið Borgarbyggðar og SHS	Samningur	30.06.2021
Gagnkvæm aðstoð vegna útkalla í Hvalfjarðargöngum - Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar og SHS	Samningur	08.03.2004
Kjósarhreppur - Þjónustusamningur um starfsemi slökkviliðs og framkvæmd eldvarnaeftirlits í Kjósarhreppi	Samningur	12.06.2024
Samkomulag um breytingu á viðbragði komi til rofs Suðurstrandavegar vegna hraunflæðis - SHS, Slökkvilið Grindavíkur, Brunavarnir Árnassýslu, Brunavarnir Suðurnesja og HSU	Samningur	24.06.2021
Samningar um önnur verkefni SHS		
Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu - Sjúkratryggingar Íslands	Samningur	03.01.2022
Viðbragð við vatnstjóni í mannvirkjum á hbsv. - Samtök fjármálafyrirtækja	Samningur	01.01.2025
*Samningarnir eru aðgengilegir á skrifstofu slökkviliðsstjóra.		

Tafla 15.

8.3 Fylgiskjöl – Önnur skjöl

Lýsing skjals*	Tegund skjals	Dagsetning skjals
Greinargerð starfshóps um húsnæðismál SHS til framtíðar	Skýrsla	Nóvember 2023
Úttekt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á Slökkviliði höfuðborgarsv. 2021	Bréf	03.03.2022
Úttekt HMS á SHS 2021 - tillögur að úrbótum	Minnisblað	05.20.2022
Skýrsla HMS um stöðu slökkviliða á Íslandi	Skýrsla	Október 2023
Eftirlitsáætlun SHS 2025	Áætlun	24.01.2025

*Skjölín eru aðgengileg á skrifstofu slökkviliðsstjóra.

Tafla 16.